

11
24. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „kr. 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur“ í 1. gr. laganna komi: kr. 400000 — fjögur hundruð þúsund krónur.

2. gr.

Í stað „kr. 370000 — þrjú hundruð og sjötíu þúsund króna“ í 2. gr. laganna komi: kr. 600000 — sex hundruð þúsund króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

12
24. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. l. 60/1919 orðist svo:

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, er ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 280000 — tvö hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn $\frac{3}{5}$ frá hafnarsjóði Ólafsvíkur. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum, þó þannig, að ákvæði þessi um hlutfallsgreiðslur verki ekki aftur fyrir sig.

2. gr.

2. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 420000 — fjögur hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin

Því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. 12
24. jan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

13

um breyting á lögum nr. 113 30. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík. 24. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „150 þúsund krónum“ í 1. gr. laganna kemur: 225 þúsund krónum.

2. gr.

Fyrir orðin „150 þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: 225 þúsund króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

14

um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943. 24. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund“ í 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 112 1943) kemur: 1280000 — ein millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund.

2. gr.

Fyrir orðin „680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund“ í 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 112 1943) kemur: 1280000 — einnar millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund.